

## Starfsskýrsla verkefnisins Orð af orð 2014-2015

Í verkefnisstjórn voru: Guðbjörg Viðarsdóttir, Katrín Guðjónsdóttir og Kolbrún Haraldsdóttir.

Upphaf verkefnisins var að sótt var um styrk í Endurmenntunarsjóð grunnskóla vorið 2014 og fékkst styrkur að upphæð 440.000.- og þegar styrkurinn var í höfn var farið af stað með verkefnið orð af orði. Sjá fylgiskjal um þróunarverkefnið þar sem fram koma markmið og fleira.

Haft var samband við Guðmund Engilbertsson lektor við Háskólann á Akureyri sem er ráðgjafi og hugmyndasmiður verkefnisins og leiddi hann okkur í gegnum verkefnið í vetur.

Dagskrá vetrarins:

14. ágúst

- Heils dags námskeið: orðakennsla, fræðilegar undirstöður og áætlanir. Kennsluleiðir og útfærsluhugmyndir. Farið er yfir framkvæmd fyrstu skrefin.
  - ✓ Markviss orðakennsla í 13 vikur, minnst 3–5 sinnum í viku, yndislestur 15–30 mínútur á dag.
  - ✓ Lesskilningspróf lagt fyrir nemendur í september. Orðaforðapróf lagt fyrir í september.

2. október

- Ráðgjöf til kennara ½ dagur.

13. nóvember

- Ráðgjöf til kennara ½ dagur.

13. janúar

- Hálf dags námskeið um hugræna kortagerð, kennsluleiðir og útfærsluhugmyndir – farið yfir framkvæmd.
  - ✓ Kennsla í hugrænni kortagerð með námi minnst 2svar í viku, tengsl við frekari orðaforðavinnu, yndislestur 15–30 mínútur á dag.

7. apríl

- Ráðgjöf til kennara og ráðgjöf við verkefnastjóra/stjórn - skypefundur.

12. maí

- Ráðgjöf til kennara ½ dagur.
  - ✓ Lesskilningspróf lagt fyrir nemendur í maí. Orðaforðapróf endurtekið í maí.

Kennarar æfðu og unnu með verkfæri verkefnisins milli ráðgjafafunda og námskeiðsdaga.

Gagnabanki var settur upp á sameign þar sem hægt var að leita hugmynda í myndabanka sem Guðmundur lét okkur í té. Einnig bættu kennarar við myndum frá eigin verkefnum.

Kennarar voru almennt ánægðir með verkefnið og fannst þetta tækifæri til að styrkja sig í starfi og beita fjölbreyttari kennsluaðferðum.

Nauðsynlegt er að hafa skipulagsfundi og kennarar skipti með sér verkum og skipuleggi hvaða aðferðir er lögð áhersla á hverju sinni hjá hverjum nemendahópi fyrir sig.

<b>Orð af orði – lestur til náms. Þróunarverkefni í grunnskóla. Þróunaráætlun</b>
---

<b>Markmið og inntak</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Meginmarkmið <i>Orðs af orði</i> er að efla orðaforða, lesskilning og námsárangur nemenda í grunnskóla. Það er gert með því að efla málumhverfið í skólanum, kenna nemendum markvissar aðferðir til að sundurgreina texta og orð, hugtakagreina, tengja saman lykilatriði, kortleggja aðalatriði og endurbirta námsefni og orð á fjölbreyttan hátt. Áhersla er lögð á samvinnu og samvirkar kennsluáætlunir.</li> <li>✓ Kennarar læra aðferðir og kenna nemendum þær stig af stigi, þróa þær í takt við aðstæður, allt þar til nemendur geta notað aðferðirnar sjálfstætt. Gert er ráð fyrir að aðferðirnar verði notaðar í tengslum við nám og námsefni í „bóklegum“ greinum.</li> </ul>
<b>Framvinda</b> (dagsetningar hvers þáttar settar í samráði við skóla)	<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Heils dags námskeið (ágúst), orðakennsla, fræðilegar undirstöður og áætlanir. Kennsluleiðir og útfærsluhugmyndir. Farið er yfir framkvæmd fyrstu skrefin.</li> <li>✓ Markviss orðakennsla í 12 vikur, minnst 3–5 sinnum í viku, yndislestur 15–30 mínútur á dag.</li> <li>✓ Lesskilningspróf lagt fyrir nemendur í september. Orðaforðapróf lagt fyrir í september.</li> <li>✓ Ráðgjöf til kennara mánaðarlega, alls þrisvar fyrir áramót.</li> <li>✓ Lesskilningspróf lagt fyrir nemendur í desember (val).</li> <li>✓ Hálf dags námskeið um hugræna kortagerð (janúar), kennsluleiðir og útfærsluhugmyndir – farið yfir framkvæmd.</li> <li>✓ Kennsla í hugrænni kortagerð með námi minnst 2svar í viku, tengsl við frekari orðaforðavinnu, yndislestur 15–30 mínútur á dag.</li> <li>✓ Ráðgjöf til kennara mánaðarlega, alls þrisvar eftir áramót.</li> <li>✓ Lesskilningspróf lagt fyrir nemendur í maí. Orðaforðapróf endurtekið í maí.</li> </ul>
<b>Þátttakendur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Allir nemendur í 1.–10. bekk</li> <li>✓ Allir umsjónarkennarar 1.–10. bekkjar og/eða faggreinakennarar sem kenna bóklegar greinar.</li> </ul>
<b>Ráðgjafi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ráðgjafi hefur yfirumsjón með verkefninu, leggur til sérþekkingu er varðar inntak verkefnisins, heldur námskeið og fræðslufundi. Ennfremur sinnir hann ráðgjöf við skólann á tímabilinu september til maí. Ráðgjafi leggur fram tillögur um tilhögun verkefnisins og framkvæmdaráætlun sem nær til verkefnisins í heild. Þar verður inntaki lýst, framkvæmdarferli, hlutverki þeirra sem að málinu koma og fleira sem tilheyrir slíkum áætlunum. Á milli ráðgjafafunda hefur ráðgjafi fyrst og fremst samskipti við verkefnisstjóra innan skólans og er honum innan handar eftir því sem þörf er á varðandi rekstur verkefnisins og umsýslu. Ráðgjafi leggur til matshugmyndir og matsböð (rafræn) varðandi innra mat á aðferðafræði verkefnis og staðlað orðaforðapróf (rafrænt) svo og leiðbeiningar um fyrirlögn og viðmið um mat. Skólarnir útvega sér sjálfir lesskilningspróf en mælt er með <i>Orðarún</i>. Ráðgjafi verður til ráðuneytis um skýrsluskrif og leggur til fræðilegan kafla um orðaforða, lestur til náms og gerð hugrænna korta. Ábyrgð ráðgjafa snýr fyrst og fremst að fræðslunni, ráðgjöfinni og framkvæmdaáætluninni.</li> </ul>
<b>Verkefnisstjóri innan skóla</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Í skólanum er starfandi verkefnisstjóri sem stýrir verkefninu innan skólans. Hann hefur yfirsýn yfir þróunarverkefnið og samhæfir störf kennara innan skólans. Hann heldur skrá um þá kennara sem starfa við verkefnið, fær hjá þeim kennsluáætlanir, aflar upplýsinga um gengi á hverjum tíma, kannar þörf á stuðningi og leitar eftir leiðum til að veita hann, veitir aðhald, hefur umsjón með mati kennara, safnar gögnum um gengi nemenda, heldur saman öðrum gögnum sem nýta má t.d. í skýrslur um verkefnið, veitir skólasamfélaginu, nemendum, kennurum og foreldrum upplýsingar um framgang verkefnisins. Verkefnisstjóri gefur skólustjóra reglulega upplýsingar um gengi verkefnisins og vinnur að gerð lokaskýrslu.</li> </ul>



<b>Mat</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Gert er ráð fyrir því að ráðgjafi leggi til eyðublöð fyrir sjálfsmat kennara og mat kennara á stöðu og framförum nemenda. Skólinn þarf sjálfur að útvega lesskilningspróf til að leggja fyrir nemendur tvisvar til þrisvar á vetri. Skólinn vinnur sjálfur úr gögnum sem safnast á tímabilinu og gefur upplýsingar til nemenda, kennarasamfélagsins og foreldra.</li> <li>✓ Kennarar lesa úr prófinu fyrir sinn bekk en verkefnisstjóri heldur heildarskráningu og setur hana á sýnilegt form.</li> </ul>
------------	--

**Verkefninu fylgja eftirtalin gögn\*:**

<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Fræðileg handbók.</i> Fræðilegt efni um orðaforða og lestur til náms.</li> <li>• <i>Kennarahandbók.</i> Fjölbreytilegum kennsluhugmyndum lýst. Lykilaðferðir auk þess útfærðar sérstaklega í máli og myndum.</li> <li>• <i>Myndasöfn.</i> Myndir hafa verið teknar í þeim skólum sem hafa tekið þátt í verkefninu. Á myndunum sést hvernig kennsluhugmyndir hafa verið útfærðar á mismunandi hátt, t.d. eftir aldri nemenda, námsgreinum og námsefni sem unnið er með og þá sést hvernig kennarar hafa þróað eigin leiðir í bland við aðra kennslu.</li> <li>• <i>Matshugmyndir.</i> Í verkefninu fylgja hugmyndir um mat á orðaforða og lesskilningi og innra mat á færni nemenda í lykilaðferðum verkefnis.</li> <li>• <i>Fræðitextar</i> um orðaforða, lesskilningsaðferðir, samvinnu- og samræðu til náms og gerð hugrænna korta.</li> </ul>
--

**Kostnaður\*\*:**

Námskeið heill dagur, lestur til náms, lesskilningur og orðaforði	190.000
Ráðgjöf, þrjú skipti að hausti (miðað við um hálfan dag x 3 skipti)	135.000
Námskeið, hálfur dagur í janúar, gerð hugrænna korta	95.000
Ráðgjöf, þrjú skipti að vori	135.000
Umsýsla í tengslum við framkvæmdaáætlun, kennslu- og matsgögn, ráðgjöf o.fl.	100.000
<i>Fræðsla og ráðgjöf</i>	<i>655.000</i>

\* Allt efnið er á pdf formi sem skólar geta vistað á sameign og/eða prentað út. Ef skólar vilja útprentaðar handbækur fyrir kennara bætist sá kostnaður við.

\*\*Útsetja má framkvæmdaáætlun með ýmsu móti, bæta t.d. við námskeiði um lesskilningsaðferðir (t.d. gagnvirkur lestur) eða samræðu til náms, fækka ráðgjafardögum og stytta ráðgjafarfundi – auka við símaráðgjöf eða ráðgjöf í fjarfundi (sparar einkum ferðakostnað). Ef ráðgjafarskiptum er fækkað um eitt, hvort misseri, lækkar kostnaður í 565.000 kr. Kostnaðaráætlun er án ferðakostnaðar sem er breytilegur og fer m.a. eftir fjarlægð frá ráðgjafa, samnýtingu ferða, hluta af ráðgjöf í fjarfundabúnaði eða SKYPE o.s.frv.

SVÓT - greining

Vorið 2015 var unnin SVÓT greining, kennurum var skipt upp í þriggja til fjögurra manna hópa. Við vinnuna sköpuðust góðar og gagnrýnar umræður sem munu nýtast okkur í áframhaldandi skipulagi og vinnu.

<p><b>Styrkleikar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-Nemendur opnari fyrir tungumálinu</li> <li>-Fjölbreytileiki í notkun tungumálsins</li> <li>-Býður upp á fjölbreyttar aðferðir</li> <li>-Góður stuðningur við kennara</li> <li>-Skýr uppsetning</li> <li>-Innskýting</li> <li>-Aukinn orðaforði</li> <li>-Meðvitaðri um að fylgjast með læsi</li> <li>-Aukinn lestur/læsi</li> <li>-Góður verkefnabanki</li> <li>-Allir taka þátt/allir meðvitaðir</li> <li>-Vinnan verður sýnilegri</li> <li>-Góð verkfæri frá Guðmundi</li> <li>-Uppbrot</li> <li>-Styður við námsskrár og markmið</li> <li>-Jákvæðni</li> </ul>	<p><b>Veikleikar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-Nýta ekki öll tækifærin sem verkefnið býður uppá(sbr vinnuaðgerðir)</li> <li>-Yfirþyrmandi/ Reynir á kennara</li> <li>-Einhver fög verða útundan</li> <li>- Nemendur geta orðið leiðir ef allir eru að gera það sama</li> <li>-Bóklegt nám í verkgreinum? Hentar þetta öllum greinum? Hætta á að kennari eyði tíma í greinum sem þessi aðferð hentar ekki mjög vel.</li> <li>-Aukin námsefnagerð</li> <li>-Tímafrekt á yngsta stigi</li> <li>-Samþætting námshópa</li> </ul>
<p><b>Ógnanir</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-Of einhæf verkefni</li> <li>-Og mörg verkefni prófuð hratt án þess að nemendur nái grunnkunnáttu</li> <li>-Mikill pakki fyrir nýja starfsmenn</li> <li>-„Gleymum“okkur og notum þetta ekki</li> <li>-Áhugaleysi kennara</li> <li>-Aukin námsefnagerð</li> <li>-Of mikil endurtekning</li> <li>-Vinna með ólæs börn og óritfær = minni ritun</li> <li>-Of mikil endurtekning</li> </ul>	<p><b>Veikleikar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-Nýta ekki öll tækifærin sem verkefnið býður uppá (sbr. vinnuaðgerðir)</li> <li>-Yfirþyrmandi/ Reynir á kennara</li> <li>-Einhver fög verða útundan</li> <li>- Nemendur geta orðið leiðir ef allir eru að gera það sama</li> <li>-Bóklegt nám í verkgreinum? Hentar þetta öllum greinum? Hætta á að kennari eyði tíma í greinum sem þessi aðferð hentar ekki mjög vel.</li> <li>-Aukin námsefnagerð</li> <li>-Tímafrekt á yngsta stigi</li> <li>-Samþætting námshópa</li> </ul>

#### Samantekt

Í greiningunni koma fram fleiri jákvæðir þættir en neikvæðir og kennarar virðast almennt ánægðir með framkvæmd verkefnisins.

Helstu veikleikar eru að meira vinnuálag skapast á kennara í hverju fagi og kennarar telja að hætta geti verið á endurtekningu hjá námshópa sem getur skapað leiða hjá nemendum. Hægt er að koma í veg fyrir þessi vandkvæði t.d. með því að setja fasta fundi á stundatöflu þar sem framkvæmd er skipulögð í samvinnu kennara sem kenna sömu hópum. Með innleiðingu verkefnisins fékk skólinn aðgang að verkefnabanka með fjölbreyttum verkefnum sá banki stækkar með samvinnu allra kennara og því mikilvægt að leggja sitt af mörkum þar inn og nýta sér hugmyndir annarra. Verkefnið Orð af orði leggur aðaláherslu á að það sé notað í bóklegum greinum, þó er hægt að aðlaga það að

verklegum greinum t.d. með því að hugtök og heiti verkfæri séu sýnileg nemendum og vakin athygli á þeim samhliða kennslunni.

Kennarar telja að verkefnið auki fjölbreytileika og efli áhuga nemenda á íslenski tungu og orðaforða þeirra. Verkefnið styður við markmið aðalnámskrár í öllum námsgreinum og er því gott verkfæri í innleiðingu nýrrar námskrár. Einnig nýtist verkefnið vel við gerð nýrrar lestrarstefnu.

Ákveðið hefur verið að halda áfram með verkefnið næsta vetur undir handleiðslu Guðmundar. Sótt hefur verið um styrk á ný hjá Endurmenntunarsjóði grunnskóla en haldið verður áfram með verkefnið hvort sem styrkur fæst eða ekki.